



Skilmálar

Um MasterCard debetkort S24 gilda viðskiptaskilmálar BYRS - sparisjóðs sem hér fara á eftir

A. Debetkort

1. Aðilar þessara skilmála eru korthafi, sem með umsókn sinni hefur samþykkt þá, viðkomandi greiðslukortafyrirtæki og S24, sem gefið hefur út kortið til korthafa. Þegar korthafi og reikningshafi eru ekki sami aðili gilda reglur þessar og skilmálar einnig fyrir reikningshafa.

2. Debetkortið má nota á farnan hátt:

- sem alþjóðlegt greiðslukort til kaupa á vöru og þjónustu,
- sem hraðbankakort til úttektar á reiðufé í hraðbanka,
- sem tékkaábyrgðarkort til framvísunar við greiðslu með tékka,
- sem bankakort til úttektar eða greiðslu í banka/sparisjóði.

3.1. Debetkort eru einkennd með nafni S24, sem gefur þau út. Þau eru MAESTRO/CIRRUS (EUROCARD) kort og eru eign S24.

3.2. Sýnishorn af rithönd korthafa verður mynduð inn á kortið og hefur hann einn heimild til að nota það, þar sem um það hefur verið samið og samkvæmt þessum skilmálum og öðrum reglum, sem um það gilda á hverjum tíma.

3.3. Útgefandi debetskorts getur stöðvað notkun þess og innkallað það án fyrirvara, komi til misnotkunar á því eða brota korthafa á reglum og skilmálum um kortið, að mati útgefanda.

3.4. Debetkort er einungis unnt að nota með lestri upplýsinga af segulrönd þess á rafrænan hátt. Þess vegna er óheimilt að gefa upp númer kortsins eða leyninúmer þess til greiðslu án rafrænnar notkunar þess. Kortið gildir því ekki til greiðslu símleiðis eða bréflaga.

4. Greiðslukortafyrirtækið Kreditkort hf. (EUROCARD) auk Reiknistofu bankanna (RB), annast ýmsa þætti debetskortþjónustu fyrir S24, samkvæmt samningum þeirra í milli.

5.1. Umsókn um debetkort, ásamt mynd og rithandarsýnishorni væntanlegs korthafa, skal afhent sparisjóðnum. Áður ber umsækjanda að kynna sér vandlega reglur og skilmála.

5.2. Korthafi/reikningshafi getur sótt um aukakort á nafni annars aðila, en ber þá fulla ábyrgð á notkun þess sem sínu eigin.

5.3. Með undirritun umsóknar og/eða undirritun móttökukvittunar samþykkir korthafi öll ákvæði þessara reglna og skilmála um notkun debetskorts svo og bókunaraðferðir S24.

6.1. Debetkortid er verðmæti, sem skal gæta eins og peninga eða tékka.

6.2. Korthafi ábyrgist að varðveita kortid og leyninúmer þess, þannig að enginn annar en hann geti notað það.

6.3. Korthafi skuldbindur sig til:

- a) að eyðileggja umslag og miða með leyninúmeri um leið og hann hefur móttekið og lært leyninúmerið eða skráð það á öðrum stað.
- b) að ef leyninúmerið er skráð, að gefa þá ekki til kynna að um sé að ræða leyninúmer vegna debetskorts.
- c) að gefa engum upp leyninúmerið né skrá það á debetskortið og geyma ekki upplýsingar um leyninúmerið í sömu hirslu og debetskortið er geymt.

6.4. Korthafi ber ábyrgð á öllum greiðslum/úttektum, sem verða vegna notkunar debetskorts hans, sbr. þó 10.2. og 13.1. og 13.2.

6.5. Aukakorthafi ber ábyrgð á greiðslum/úttektum á sama hátt og aðalkorthafi.

6.6. Korthafi ábyrgist tjón gagnvart sparisjóðnum, sem verður vegna vanrækslu hans við vörslu eða notkun debetskorts eða leyninúmers þess, sbr. 10.2.

6.7. Korthafa er skylt að tilkynna aðsetursskipti til S24 til að tryggja að reikningsyfirlit og aðrar upplýsingar berist honum með eðlilegum hætti.

7.1. Debetkort er tengt viðskiptareikningi korthafa í sparisjóðnum. Heimild til greiðslu/úttektar með því, takmarkast við þá ráðstöfunarfjárhæð, sem er á þeim reikningi þegar kortid er notað.

7.2. Korthafi skuldbindur sig til að eiga ávallt næga innstæðu eða yfirdráttarheimild fyrir hverri greiðslu/úttekt af þeim reikningi sem kortid er tengt. Hann ábyrgist að fara ekki yfir ráðstöfunarfjárhæð sína með notkun kortsins.

7.3. Útgefendur debetskorta eru ekki ábyrgir fyrir tjóni, sem verður vegna lagaboða, aðgerða stjórnvalda, náttúruhamfara, stríðs, verkfalls, verkbanns, skæruverkfalla eða annarra slíkra aðstæðna, rafmagnstruflana eða rafmagnsleysis, né vegna truflana í símkerfi eða öðrum boðleiðum eða samgöngum.

7.4. Útgefendur debetskorta eru ekki ábyrgir fyrir tjóni né óhagræði sem verður vegna þess að móttöku debetskorts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslutæki, né öðrum skaða, sem leitt getur þar af, sbr. þó 13.1. og 13.2.

8. S24 ákveður gildistíma debetskortsins og er hann skráður á kortid hverju sinni.

9.1. Notkun debetskorts erlendis er heimil þar sem merki MAESTRO/CIRRUS er uppi.

9.2. Úttektir eru millifærðar erlendis frá í gjaldmiðli viðkomandi lands og umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi S24 á færsludegi, ásamt kostnaði.

10.1. Glatist debetkort ber korthafa tafarlaust að tilkynna það til S24 eða næsta umboðsaðila EUROCARD hvar sem er í heiminum. Korthafi á rétt á að fá staðfestingu á að hann hafi sinnt tilkynningaskyldu sinni. Sé tilkynning gefin símleiðis, skal korthafi staðfesta hana skriflega innan viku. Þegar skrifleg yfirlýsing þar um hefur borist, getur korthafi fengið útgefið nýtt debetkort sér til handa.

10.2. Sjálfsábyrgð korthafa takmarkast við jafnvirði ECU 150 í ísl. krónum, ef kort hans er notað af óviðkomandi aðila, áður en hvarf þess er tilkynnt. Þetta á ekki við ef um stórfellt gáleysi eða svik af hálfu korthafa hefur verið að ræða. Tilkynningaskyldu ber að fullnægja svo fljótt sem verða má eftir að hvarf korts uppgötvast.

10.3. Glati korthafi debetskorti sínu erlendis býðst honum neyðarkort eða neyðarfé fyrir milligöngu EUROCARD/MASTERCARD. Kostnaður vegna þessarar þjónustu færist á bankareikning korthafa skv. gjaldskrá.

10.4. Finni korthafi síðar kort, sem tilkynnt hefur verið glatað, er honum ekki heimilt að nota það. Tilkynna ber sparisjóðnum eða Kreditkorti hf. endurheimtuna og senda kortið sundurklípt til baka.

11.1. Gjöld vegna notkunar debetskorts greiðir korthafi samkvæmt gjaldskrá á hverjum tíma. Gjaldskrá, sem veitir upplýsingar um gjöld, vaxtakjör og annað, sem tengist notkun debetskorta, skal jafnan liggja frammi í sparisjóðnum.

11.2. S24 er heimilt að færa korthafa til gjalda á viðskiptareikningi hans gjöld skv. gjaldskrá, sbr. grein 11.1.

11.3. Korthafi heimilar endurnýjun kortsins áður en gildistíminn rennur út, nema fyrirmæli berist um annað.

12.1. Debetkortið er ávallt eign S24 og getur hann afturkallað það fyrirvaralaust, ef um misnotkun eða vanskil er að ræða hjá korthafa.

12.2. S24 hefur heimild til þess að skrá öll afturkölluð kort og miðla þeim upplýsingum til seljenda vöru og þjónustu. Ef seljandi óskar þess að korthafi skili eftirlýstu korti, þá ber honum að afhenda það.

12.3. Ef S24 neyðist til að ógilda kort vegna misnotkunar, er áskilinn réttur til að setja upplýsingar þar um á lokanaskrá banka og sparisjóða og varðveita þar.

12.4. Korthafa er óheimilt að nota debetkortið eftir að gildistími þess rennur út, eða það hefur verið ógilt. Misnotkun kortsins varðar við lög, sbr. m.a. 249 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

13.1. Telji korthafi að hann hafi orðið fyrir skaða vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka eða sjálfsafgreiðslutækjum, þá ber S24 fyrir hönd viðkomandi sölu- eða þjónustuaðila að færa fram fullgild rök fyrir því að búnaðurinn hafi starfað rétt þá er umrædd viðskipti fóru fram, en er ella ábyrgur fyrir tjóninu.

13.2. Ábyrgð S24 takmarkast við beint fjárhagslegt tjón korthafa, en nær ekki til annars skaða eða óþæginda, sem leitt geta af bilun sjálfsafgreiðslubúnaðar. S24 ábyrgist ekki tjón þegar tæknibilun á að vera korthafa ljós, svo sem þegar skilaboð þess efnis koma fram á tölvuskjá.

14.1. S24 áskilur sér rétt til að breyta notkunarreglum þessum og skilmálum, enda séu þær breytingar tilkynntar korthafa með minnst 15 daga fyrirvara. Í tilkynningu um breytta skilmála skal vakin athygli á því í hverju breytingarnar felist og á rétti korthafa til að segja samningi upp. Noti korthafi kort sitt eftir að breyttir skilmálar hafa tekið gildi, telst hann samþykktur breytingunni.

14.2. Vilji korthafi segja kortinu upp skal hann tilkynna það skriflega til S24 og skila kortinu sundurklipptu.

15.1. Öll mál, sem rísa kunna af notkun kortsins, skulu, nema á annan veg sé um samið, fara eftir íslenskum lögum. Korthafi samþykkir auk þess að S24 megi reka innheimtumál í því landi sem korthafi hefur búsetu hverju sinni.

15.2. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

B. Debetkort sem greiðslukort

1. Þegar korthafi greiðir fyrir vöru eða þjónustu með debetkorti sínu og undirritar kaupnótu eða notar leylinúmer (PIN) vegna þeirra viðskipta, þá staðfestir hann að næg ráðstöfunarfjárhæð sé á reikningi sínum og samþykkir þar með, að sú upphæð sé tekin út af honum, samkvæmt færslu- og bókunaraðferðum S24.

2. Korthafi fær afhent eintak sölunótu við notkun kortsins, en annað eintak er varðveitt hjá seljanda. Færsluboð eru send þaðan rafrænt til uppgjors hjá banka/sparisjóði seljanda og korthafa. Upplýsingarnar um viðskiptin geymast í bókhaldi þessara aðila og verða ekki látnar öðrum í té, nema vegna rannsóknar opinberra mála, sé þeirra krafist.

3. Sérhver ágreiningur eða tjón vegna kaupa á vöru eða þjónustu, sem greidd er með debetkorti, er útgefanda þess algerlega óviðkomandi og án ábyrgðar fyrir hann.